


Alþingi
Erindi nr. P 132/1924
komudagur 28.4.2006



FÉLAG PRÓFESSORA
Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Hlín Lilja Sigfúsdóttir
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

28. apríl 2006

Umsögn Félags prófessora í Háskóla Íslands um frumvarp til laga um kjararáð
Þingskjal 1046, mál nr. 710, lagt fyrir Alþingi á 132 löggjafarþingi árið 2005-2006

Stjórn Félags prófessora í Háskóla Íslands hefur kynnt sér frumvarp til laga um kjararáð og vill í fyrsta lagi taka undir það sjónarmið að ekki sé ástæða til að tveir aðilar (Kjaradómur og kjaranefnd) hafi með höndum ákvörðun um laun og önnur starfskjör þeirra ríkisstarfsmanna sem ekki geta eða vilja semja um laun sín með kjarasamningum. Skil á milli þessara úrskurðaraðila hafa virst óljós, a.m.k. hin síðari ár. Í öðru lagi er tekið undir það að tvískipting úrskurðarvaldsins sé óheppileg vegna mismunandi tímasetningar við ákvarðanir. Raunar getur sú tilhögun vissulega haft í för með sér krosstilvísanir, sbr. athugasemdir við lagafrumvarpið, 4. tölulið.

Af frumvarpinu má ráða að ekki sé ólíklegt, þegar fram líða stundir, að færri einstaklingar muni falla undir kjararáð en sá fjöldi einstaklinga sem nú heyrir samtals undir úrskurðarvald kjaranefndar og Kjaradóms, sbr. m.a. 5. gr. Félag prófessora hefur fyrir sitt leyti lýst andstöðu sinni við slík áform og rökstutt hana á fundi með nefnd þeirri er skipuð var til að fara yfir lög um kjaradóm og kjaranefnd. Í þessu sambandi vill félagið einnig benda á að núgildandi kjarasamningar stéttarfélaga við ríkisvaldið gilda til 30. apríl 2008.


Starf prófessora skiptist í þrjá meginþætti: Kennslu, rannsóknir og stjórnun, og er vinnutími þeirra oftast mjög óreglulegur. Vinna við bæði kennslu og rannsóknir er mestmegnis stunduð á einstaklingsgrundvelli. Undirbúningur undir kennslu fer fram á öllum tímum sólarhringsins og gjarnan nýta háskólakennarar þann tíma sem kennsla fer ekki fram, t.d. sumarmánuðina, til að taka saman kennsluefni. Grunnrannsóknir þeirra fara einnig fram á nær öllum tímum sólarhrings allan ársins hring. Stundum er um alþjóðleg samvinnuverkefni að ræða, en slík verkefni eru oft skipulögð langt fram í tímann og rannsóknir sem falla undir þau getur orðið að sveigja að aðkallandi aðstæðum með skömmum fyrirvara. Þær geta snúist um viðkvæm efnasambönd, dýralíf og náttúruöfl svo að fátt eitt sé talið. Frá slíkum verkefnum er ekki hægt að fara í verkfall. Á sama hátt getur verið erfitt að fara í verkfall frá deildarforsetastörfum eða öðrum mikilvægum stjórnunarstörfum innan Háskólans eða á vegum hans.

Prófessorar í Háskóla Íslands hafa bæði reynslu af því að semja um kjör sín með kjarasamningum og að kjaranefnd úrskurði þeim laun. Það er ekki launungarmál að launakjör prófessora voru afar léleg meðan þeir sömdu sjálfir um þau við ríkisvaldið. Meginástæða þess að þeir sáu hag sínum betur borgið með því að fara undir úrskurðarvald kjaranefndar var hversu bitlaus samningsstaða þeirra þótti. Fyrsti úrskurður kjaranefndar um laun og starfskjör prófessora gekk á árinu 1998. Í honum fólst nokkur kjarabót fyrir prófessora og síðan hafa launakjör þeirra í stórum dráttum fylgt launavísitölu opinberra starfsmanna. Stjórn Félags prófessora getur í einu og öllu tekið undir þau orð formanns kjaranefndar að nefndin hafi gætt þess að halda sig innan þess ramma sem markaður er af Kjaradómi og kjarasamningum en látið nægja að fylgjast með launum sambærilegra aðila á almennum vinnumarkaði, sbr. fylgiskjal II með frumvarpinu, t.l. 3. Stundum hefur prófessorum þótt kjaranefnd gæta þessa fullvel.

Góð samvinna hefur verið milli stjórnar Félags prófessora og kjaranefndar þann tíma sem nefndin hefur fjallað um launakjör prófessora, t.d. hafa verið þróaðar matsreglur í samvinnu við kjaranefnd á tímabilinu. Laun prófessora eru ákvörðuð á grundvelli þessara matsreglna - með hlutlægum og gagnsæjum hætti. Í stórum dráttum ríkir sátt um reglurnar í háskólasamfélaginu. Kjaranefnd hefur á undanförunum árum byggt upp gagnsætt launakerfi þar sem prófessorum er veitt umbun fyrir rannsóknir í gegnum ritlaunasjóð. Aðrar stéttir háskólamanna hafa tekið upp þetta kerfi kjaranefndar og hefur það leitt til verulega aukinnar rannsóknavirkni í landinu. Þetta gagnsæja launakerfi kjaranefndar hefur einnig eytt gjörsamlega launamun kynjanna.

Stjórn Félags prófessora óttast að ef prófessorar hverfa undan miðlægu úrskurðarvaldi kjaranefndar, eða arftaka hennar - kjararáðs, bresti það aðhald og reglufesta sem einkennt hefur umsýslu kjaranefndar í þessu efni.

Virðingarfyllst



Þorsteinn Loftsson, formaður
Félags prófessora